

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:
Í janúar- og febrúarmánuði 1989:

Fyrir full afnot kr. 2 340
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu kr. 780

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1988.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um útvarp skv. tímabundnum leyfum nr. 511/1986 með áorðnum breytingum.

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi gildir til 31. desember 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1988.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1989.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1988 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1989. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Par til álagning ársins 1989 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 12,4% af þeim þinggjöldum er honum bar að